

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík



Kópavogi 19.11.2020

Efni: Fyrirspurn vegna breytinga á starfsleyfi Fiskeldi Matorku í Fellsmúla

Þann 12. desember 2011 sendi Íslensk matorka, nú Matorka matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna eldi á bleikju og borra. Matorka var með áform um töluverða framleiðslu af borra. Þann 18. janúar 2012 lá ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu fyrir og niðurstaðan var að framkvæmd og áform skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í kjölfarið gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir 350 tonna seiðaframleiðslu af borra og bleikju. Borraeldinu var hætt árið 2014 og voru ýmsar ástæður fyrir þeirri ákvörðun t.d. sem snúa að vinnslu-og markaðspáttum. Í kjölfarið óskaði Matorka eftir við Umhverfisstofnum um breytingu á starfsleyfi fyrir laxfiska (lax, bleikju og regnboga). Þann 16. mars 2016 gaf Umhverfisstofnun út breytt starfsleyfi fyrir 350 tn. seiðaframleiðslu á lax, regnboga, og bleikju.

Matorka hefur frá því félagið tók yfir rekstur stöðvarinnar í Fellsmúla farið í allsherjar endurbætur á stöðinni. Má þar nefna nýja setþró sem er steypt djúp safnþró sem safnar lífrænum úrgangi í botn hennar. Eftirlit og skráningar eru fastir liður í starfsemi félagsins og má þar nefna að ítarlegar skráningar varðandi eldið er skráð í Farm Control. Umgengni, þrif, eftirlit með mengun er skráð í mánaðarskýrslur. Mengunarmælingar á frárennsli er framkvæmt 1-2x á ári. Mánaðarlega er reiknuð út losun á mengunarpáttum út frá fóðurnotkun. Dýralæknir hefur eftirlit með dýraheilbrigði og skilar af sér úttektarskýrslu 4 sinnum á ári. Matorka er síðan með alþjóðlega ASC vottun.

Þegar horft er til losununar næringarefna frá eldi er fóður að skipta þar miklu máli. Fóðurnotkun laxfiska er nánast eins milli tegunda og enginn eðlismunur á losun næringarefna. Aftur á móti er fóðurnotkun borra allt önnur en laxfiska og þar skiptir t.d. fiskimjöl miklu máli.

Skv. gr. 2.4 í núverandi starfsleyfi Matorku að Fellsmúla er kveðið á um að efnalosun skuli m.a. vera fosfór 7 kg P /framleitt tonn og köfnunarefni 20 kg N /framleitt tonn. Þegar þessi viðmið voru sett í starfsleyfi á sínum tíma var umtalsvert eldi á borra. Þegar litið er til náttúrlægs hlutfall P og N í fóðri fyrir laxfiska þá er ekki hægt að fóðra fisk með því hlutfalli sem hér er gefið upp.

Hlutfall af uppleystu næringarefni í fóðri er mismunandi. Fyrir köfnunarefni þá er um 70% af N í fóðri uppleysanlegt og fyrir fosfór er um 35% af P í fóðri uppleysanlegt.

Ef litið er á hlutfall P og N í starfsleyfum annarra landeldisstöðva sem losa frárennsli í ferskt vatn er hlutfallið gjarnan 7 kg P á móti 60 kg N, sbr. hjá fiskeldisstöðvum við Öxnalæk, Lindarfisk og Klausturbleikju.

Ef Matorka ætlar að halda sér innan þeirra marka sem nú er kveðið á í starfsleyfi þ.e. 7 kg P og 20 kg N þá er það ekki hægt nema svelta fiskinn sem er þá orðið dýraheilbrigðismál.

Nýleg stór og afkastamikil setþró safnar saman seti. Mánaðarlegir útreikningar á losun og mælingar á frárennsli hjá Sýni ehf, sýna að starfsemi félagsins í Fellsmúla hefur alltaf verið innan marka hvað varðar losun á P en yfir núverandi mörk hvað varðar losun N. Ef starfsleyfi félagsins væri til samræmis við losunarmörk sem er hjá öðrum landeldisstöðvum þ.e. losun á N sé 60 kg N, þá væri losun á N í Fellsmúla alltaf innan marka. Hafa þarf þó í huga að klakstöð er með meiri sveiflur í fóðurnotkun pr. tonn en þegar komið er lengra inn í seiða- eða fiskframleiðslu. Á ákveðnu tímabili í klaki og smáseiðaframleiðslu er fóðurnotkun há miðað við standandi lífmassa.

Nýlegt sýni á frárennsli, borholum og viðtaka (mælt af Sýni ehf) sýnir að áhrif frárennslis frá klakstöðinni hefur engin áhrif á viðtaka, hvort sem sýni er tekið við útrás, 1 m. fyrir ofan útrás eða 1 m. fyrir neðan útrás. Umreiknuð gildi fyrir þessa mælingu sýna (á sýnatökudegi) sýna heildarmagn P er 5,9 og heildar N er 23,4 pr. framleitt tonn.

Ef skoðuð er útreiknuð gildi á P og N fyrir fyrstu tíu mánuði ársins kemur í ljós að heildar P/framleitt tonn er 6,5 og heildar N/framleitt tonn er 26,6.

Á hverju ári eru framkvæmdar úttektir af hálfu Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar. Aldrei hefur komið upp mengunarmál né að frárennslið sé að menga viðtaka. Minnivallalækur stendur í miðri landbúnaðarbyggð og má gera ráð fyrir að efnalosun í Minnivallalæk úr áburði sé margfalt meiri en frá fiskeldinu.

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat Matorku að umrædd breyting á starfsleyfi hefur ekki í för með sér áhrif á umhverfi og viðtaka. Umrædd breyting er í engu að hafa áhrif á viðtaka né umfram það sem gengur og gerist við sambærilegar aðstæður.

Með þessari fyrirspurn til Skipulagsstofnunar er óskað eftir að Matorku verði heimilt að hafa losunarmörk í starfsleyfi 60 kg N/ framleitt tonn sbr. starfsleyfi fjölda sambærilegra fiskeldisstöðva sem skila frárennsli í ferskt vatn.

Virðingarfyllt



Stefanía K. Karlsdóttir
Matorka ehf
Hlíðasmára 6
201 Kópavogi
stefania@matorka.is
s. 862 6519

Fylgiskjöl:

Gæðahandbók Matorku í Fellsmúla

Niðurstöður úr efnamælingu framkvæmt af Sýni ehf.